



Alþingi
Erindi nr. P 126/1391
komudagur 13.3.2001

Reykjavík, 9. mars 2001

ORH/gá

Nefnarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumv. til l. um lax- og silungsveiði.

Á fundi Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 8. mars sl. var lagt fram bréf nefndasviðs Alþingis dags. 21. febrúar 2001.

Lúðvík E. Gústafsson, sviðsstjóri, kom á fundinn.

Nefndin samþykkti svohljóðandi umsögn með 5 samhljóða atkvæðum:

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur vill benda á að allar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar þurfa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis, eftir því sem við á, og eru undir mengunarvarnaeftirliti Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Starfsleyfisútgáfa og eftirlit ofangreindra stofnanna er í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sýnist að með frumvörpum þessum sé verið að auka leyfisveitingar og eftirlit frá því sem nú er án þess að það sé skýrt afmarkað hver fari með hvaða eftirlit. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum, er kveðið á um eftirlit veiðimálastjóra með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva (5. gr.). Í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að það sé á valdi veiðimálastjóra hversu víðtækt eftirlit verður. Ekki er fjallað í athugasemdum við frumvarpið um hugsanlegt samráð milli veiðimálastjóra og eftirlitsaðila sem fer með eftirlit vegna mengandi starfsemi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd telur að það þurfi að afmarka með skýrari hætti þá þætti sem hver eftirlitsaðili hefur undir höndum.

Ólafur F. Magnússon sat hjá.

Virðingarfyllst,

Oddur R. Hjartarson,
framkvæmdastjóri